

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1967.
 Nr. 77/1966. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
 gegn
Ásmundi Sigurjónssyni
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun. Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Angantý Eliassyni.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að höfuðstóll hinnar dæmdu fjárhæðar lækki í kr. 23.073.80. Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var stefndi skipstjóri á báti áfrýjanda, v/b Mugg, VE 322, á vetrarvertíðinni 1957. Í júnimánuði 1957 vann stefndi að því að búa bát áfrýjanda, v/b Helga Helgason, VE 343, á sumarsildveiðar. Var stefndi síðan skipstjóri á v/b Helga Helgasyni á sildveiðum um sumarið, en hætti veiðum í ágústmánuði og hvarf úr þjónustu áfrýjanda 12. ágúst 1957. Eins og í héraðsdómi greinir og aðiljar eru nú sammála um, nam inneign stefnda hjá áfrýjanda hinn 1. júní 1957 kr. 17.110.78 og laun stefnda

við að búa v/b Helga Helgason á veiðar, skipstjóralaun hans á sildveiðunum svo og fé, er hann innti af höndum fyrir útgerðina, samtals kr. 11.236.22. Frá þessari fjárhæð eru aðiljar sammála um, að draga beri úttekt stefnda um sumarið, kr. 5.273.20, og kemur þannig fram krafa stefnda hér fyrir dómi, kr. 23.073.80.

Áfrýjandi telur hins vegar, að stefndi skuldi honum eftirtalдар fjárhæðir, sem hér eigi að koma til frádráttar:

1. Gjald fyrir fæði og húsnæði í júnímánuði 1957, meðan verið var að búa v/b Helga Helgason á sildveiðar kr. 1.073.88
2. Gjald fyrir fæði á v/b Helga Helgasyni á sumarsildveiðum 1957 — 1.976.40
3. Fé, er stefndi hafi tekið út hjá Kveldúlfi h/f um sumarið 1957 og eigi gert grein fyrir . . — 24.500.00

Um 1. og 2. kröfulið.

Stefndi telur, að samkvæmt kjarasamningum þeim, sem gilt hafi á þessum tíma fyrir skipstjóra á sildveiðum, hafi honum borið ókeypis fæði og húsnæði, meðan báturinn var búinn á veiðar, og ókeypis fæði, meðan á veiðum stóð. Í málinu hafa eigi verið lagðir fram kjarasamningar þeir, er ætla má, að hafi gilt um skipti aðilja, og eigi hefur heldur verið aflað gagna um, hver almennt hafi verið háttur um þessi atriði á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þessir gagnkröfuliðir áfrýjanda eru því svo vanreifaðir, að vísa ber þeim frá héraðsdómi.

Um 3. kröfulið.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur stefndi viðurkennt að hafa veitt fé þessu viðtöku, en telur sig hafa greitt það skipverjum á v/b Helga Helgasyni upp í kaup þeirra á sildveiðunum. Kvittanir hafi hann afhent syni áfrýjanda, sem hafi haft bókhald útgerðarinnar með höndum, og hafi því ekki nú gögn um ráðstöfun fjárlins. Áfrýjandi, sem hefur mótmælt því, að fé þetta hafi runnið til þess að greiða kaup skipverjum á v/b Helga Helgasyni, hefur eigi þrátt fyrir áskoranir héraðsdómarans lagt fram viðskiptareikninga skip-

verjanna, sem hann kveðst þó hafa lokið skilum við að fullu. Þar sem þessi gagnkröfuliður er svo vanreifaður, ber einnig að vísa honum frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu verða efnisúrslit máls þessa þau, að áfrýjandi verður dæmt að greiða stefnda kr. 23.073.80 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Stefndi var lögskráður sem skipstjóri á v/b Mugg 1. febrúar 1957, en virðist eigi hafa verið skráður úr skiprúmi. Af gögnum málsins og málflutningi aðilja má ráða, að stefndi hafi hætt störfum á bátnum eigi síðar en um miðjan maímánuð 1957. Héraðsdómsstefna í máli þessu var gefin út 31. maí 1958. Er því samkvæmt 252. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 fallinn niður fyrir fyrningu sjóveðréttur varðandi kaup stefnda sem skipstjóra á v/b Mugg. Hins vegar ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni til tryggingar kr. 5.963.02 ásamt vöxtum og kr. 4.000.00 af málskostnaði.

Dómsorð:

Framangreindum gagnkröfum er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Ásmundi Sigurjónssyni, kr. 23.073.80 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og samtals kr. 12.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni, VE 343, til tryggingar kr. 5.963.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4.000.00 af málskostnaði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 4. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. f. m., en endurupptekið í gær og lagt undir dóm sama dag, er höfðað fyrir sjó- og verzlun-

ardómi Vestmannaeyja af Ásmundi Sigurjónssyni skipstjóra, Hringbraut 102 í Reykjavík, með stefnu, útgefinni 31. maí 1958, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á vangoldnu kaupum, skaðabótum o. fl. að fjárhæð kr. 61.691.33 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 17.110.78 frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og af kr. 44.580.55 frá stefnubirtingardegi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Enn fremur krafðist stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.110.78 af stefnukröfunni auk vaxta og kostnaðar, en sjóveðrétti í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir hinum hluta kröfunnar auk vaxta og kostnaðar.

Í lok málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar niður í kr. 59.072.90, og síðan lækkaði hann þær enn um kr. 2.550.00, eða niður í kr. 56.522.90. Auk þess krafist hann 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 31. maí 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Svo krafðist hann og viðurkenningar sjóveðréttar í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.110.78 auk vaxta og kostnaðar og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 39.412.12 auk vaxta og kostnaðar.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur og þó ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Í janúar 1957 réðist stefnandi í þjónustu stefnda og hafði með höndum skipstjórn á bát hans, Mugg, VE 323, á vetrarvertíðinni 1957. Í júní um vorið fékk hann í hendur viðskiptareikning sinn hjá stefnda, og nam inneign hans hinn 1. þess mánaðar kr. 17.110.78. Þessu næst var stefnandi skipstjóri á báti stefnda, Helga Helgasyni, VE 343, á síldveiðum með herpinót fyrir Norðurlandi. Vann hann fyrst við bátinn til undirbúnings síldveiðunum, en hélt norður hinn 18. júní. Veiðar gengu laklega, og sumir skipverjanna sögðu upp starfi og gengu úr skiprúmi. Í byrjun ágúst var svo komið, að því er virðist, að ekki var lengur unnt að halda veiðum áfram vegna mannleysis. Sigldi stefnandi þá skipinu til Vestmannaeyja. Skilaði hann þar skipinu og hvarf úr þjónustu stefnda hinn 12. ágúst. Tilskyldar greiðslur fyrir starf sitt kveðst hann ekki hafa fengið, og einnig telur hann sig eiga rétt til bóta vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á v/b Helga Helgasyni, VE 343. Í stefnu sundurliðar hann kröfur sínar á þessa leið:

- a) Inneign samkvæmt viðskiptareikningi pr. 1. júní 1957 vegna skipstjórnar á v/b Mugg á vetrarver-tíðinni 1957, samtals kr. 17.110.78
- b) Vangoldið kaup vegna skipstjórnar á Helga Helgasyni á síldarvertíðinni 1957, 18/6—12/8 1957 — 11.403.82
- c) Vangoldið kaup samkvæmt reikningi vegna vinnu við v/b Helga Helgason til undirbúnings síldar-vertíð 1957 — 4.454.40
- d) Útlagt fé sem skipstjóri fyrir útgerðarmann skv. nótum — 1.201.20
- e) Bætur vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á v/b Helga Helgasyni, samtals — 27.521.13

Kr. 61.691.33

Stefndi lagði fram viðskiptareikning stefnanda, og sýndi hann skuld stefnanda pr. 1. jan. 1958, kr. 4.101.28. Mismunur reikningsins og kröfugerðar stefnanda nam því kr. 65.792.61. Á viðskiptareikningnum er stefnanda færð til tekna lokagreiðsla á lifur úr Mugg, kr. 215.24, en sú fjárhæð er ekki innifalin í kröfugerð hans.

Undir rekstri málsins viðurkenndi stefnandi nokkra úttektarliði, sem koma fram í viðskiptareikningnum, samtals kr. 5.062.40. Einnig lækkaði hann d-lið í kröfugerð sinni um kr. 106.03. Þegar báðar þessar upphæðir hafa verið dregnar frá stefnukröfunni, kemur út kr. 56.522.90, og var það lokakrafa stefnanda í málinu.

Um einstaka kröfuliði í kröfugerð stefnanda skal þetta tekið fram:

Um a), kr. 17.110.78. Kröfuliður þessi er byggður á viðskiptareikningi, sem stefndi hafði gengið frá og sýndi inneign stefnanda þann 1. júní 1957. Enginn ágreiningur er um þennan lið.

Um b), kr. 11.403.82. Stefnandi sundurliðar þennan kröfulið á eftirfarandi hátt:

1. Hásetatrygging 18/6—12/8 '57 kr. 6.697.80
2. Frítt fæði — 1.976.40
3. Mánaðarkaup — 2.327.76
4. Orlof — 401.80

Kr. 11.403.82

Stefnandi lagði sjálfur ekki út fé fyrir fæði sínu, og á því liður-

inn „frítt fæði, kr. 1.976.40“ ekki hér við, og lækkar því þessi krafa um þá fjárhæð, eða niður í kr. 9.427.42.

Á viðskiptareikningi hefur stefndi fært stefnanda til tekna þann 13. ágúst 1957:

Kauptryggingu	kr. 6.879.60
Orlof	— 412.80

Kr. 7.292.40

Ekki er vel ljóst, hvernig stefnandi fær út kröfur sínar. Kjara-samningar hafa verið lagðir fram, en enginn þeirra virðist eiga hér við. Rétturinn hefur kynnt sér kjarasamning milli Útvegs-bændafélags Vestmannaeyja og Skipstjóra- og stýrimannafélags-ins Verðandi, gerðan 31. janúar 1951, en samkv. honum eru kjör skipstjóra á 70 rúmlesta skipi eða þar yfir, sem stundar síld-veiðar með herpinót, á þá leið, að hann skal fá 6½% af brúttó-afla og kr. 200.00 í kaup á mánuði svo og frítt fæði. Svo var og leitað upplýsinga símleiðis hjá Farmanna- og fiskimannasam-bandinu, og var því haldið fram þar, að á því léki enginn vafi, að stefnandi hafi átt rétt á kauptryggingu, mánaðarkaupi og fríu fæði á þeim tíma, sem hann var á Helga Helgasyni. Verður gengið út frá, að þetta sé rétt. Samkv. þessu og með tilvísun til áður-greinds kjarasamnings frá 31. jan. 1951 hefði kauptrygging og mánaðarkaup stefnanda átt að nema svipaðri upphæð og stefndi færir honum til tekna. Verður sú fjárhæð lögð til grundvallar, og lækkar því þessi kröfuliður um kr. 4.111.42, eða niður í kr. 7.292.40

Um c), kr. 4.454.40. Stefnandi hefur lagt fram reikning yfir þennan lið. Reikningurinn er dags. 12. jan. 1958 og er á þessa leið:

Vinna við v/b Helga Helgason í maí og júní 1957, samt. 200 tímar á kr. 18.56 + 20%, kr. 4.454.40.

Vinnustundalisti fylgdi ekki og engin nánari sundurliðun.

Stefndi hefur fært stefnanda til tekna fyrir vinnu við Helga Helgason kaup með orlofi, samtals kr. 2.848.65. Framvísaði hann jafnframt vinnustundalista, skrifuðum af stefnanda, yfir vinnu í júní, samt. 118 tíma. Engin sönnun hefur verið að því leidd, að stefnandi hafi unnið meira að undirbúningi úthaldsins en vinnu-stundalisti hans sjálfs sýnir, og verður því aðeins tekin til greina sú fjárhæð, sem stefndi viðurkennir. Lækkaði því þessi kröfu-liður um kr. 1.605.75, eða niður í kr. 2.848.65.

Um d), kr. 1.201.20. Eins og áður getur, lækkaði stefnandi

pennan lið um kr. 106.03, eða niður í kr. 1.095.17, og er sú fjárhæð viðurkennd af stefnda og færð stefnanda til tekna á viðskiptareikningi.

Um e), kr. 27.521.13. Eins og áður er fram tekið, var krafa þessi í upphafi á því byggð, að stefnanda hefði verið vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Undir rekstri málsins upplýstist hins vegar, að þann 12. ágúst 1957 sagði stefnandi sjálfur upp starfinu. Viðurkennir stefnandi þetta í aðiljayfirheyrslu 13. nóv. 1963, en tók jafnframt fram, að hann hefði sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara. Sama dag og uppsögn þessi fór fram skrifaði stefndi stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til samtals okkar á skrifstofu minni nú kl. 5 síðdegis, þar sem þú tilkynntir mér, að þú værir hér með hættur skipstjórn á Helga Helgasyni, vil ég hér með staðfesta, að ég samþykki þá ósk þína. Að sjálfsögðu er ekki um neinn uppsagnarfrest að ræða, þar sem skipið er hætt veiðum.“

Stefnandi viðurkennir að hafa móttekið bréf þetta og hafi stefndi viljað láta hann árita það. Þessu kveðst stefnandi hafa mótmælt. Einnig kvaðst hann þá þegar á staðnum hafa mótmælt því munnlega, sem fram kemur í bréfinu.

Stefnandi hafði ekki réttindi til þess að fara með skipstjórn á Helga Helgasyni, og ekki var leitað eftir undanþágu frá ráðuneytinu, sem eins og kunnugt er, eru jafnan skilorðsbundnar og falla niður, þegar réttindamaður fæst. Telur stefnandi, að auðvelt hefði verið að fá undanþágu, þar eð hann hafði færeysk skipstjórnarréttindi allt að 250 rúmlestum. Hefði stefnda borið að sjá um, að undanþága yrði fengin, en látið það undir höfuð leggjast. En stefnanda var með öllu óheimilt að láta úr höfn, fyrr en loforð um undanþágu lá fyrir, og einnig var honum sem skipstjóra skylt að lögskrá áhöfnina. Hann ætlaði að lögskrá í Vestmannaeyjum 18. júní, en þá varð ljóst, að vélstjóra vantaði réttindi og undanþágu, svo að ekki gat orðið af skráningu þegar af þeirri ástæðu. Stefnandi lét samt úr höfn, sjálfur án réttinda og með óskráða skipshöfn og réttindalausla vélstjóra, og var aldrei úr þessu bætt, meðan stefnandi var með skipið. Af þessum sökum átti hann ekki rétt á uppsagnarfresti, og er hann sagði upp starfinu, mátti honum vera ljóst, eins og málum var háttað, að hann átti ekki heimtingu á kaup, eftir að skipstjórnarstarfi hans lauk. Þessi kröfuliður verður því ekki tekinn til greina að neinu leyti.

Samkvæmt þessu er lokakrafa stefnanda lækkuð um kr.

4.111.42, kr. 1.605.75 og kr. 27.521.12, eða alls um kr. 33.238.30. Eftirstöðvarnar nema þar af leiðandi kr. 23.284.60.

Á viðskiptareikningi hefur stefndi fært stefnanda til skuldar eftirfarandi liði, sem stefnandi samþykkir ekki:

1. 13/8, fæði á síldarúthaldinu	kr. 1.976.40
2. Reikning frá Hótel H. B. í júní 1957 fyrir fæði og húsnæði handa stefnanda, meðan á undirbúningi undir síldveiðar stóð	— 1.073.88
3. Reikning frá Hótel H. B. fyrir molakaffi o. fl. 19. ágúst 1957	— 50.84
4. Peningaúttekt hjá Kveldúlfi h/f	— 24.500.00

Alls kr. 27.601.12

Eins og áður er getið, átti stefnandi rétt á fríu fæði, meðan á síldarúthaldinu stóð. Fyrsti skuldaliðurinn verður því ekki tekinn til greina. Samkvæmt upplýsingum frá Farmannasambandinu áttu aðkomuskipstjórar á þessum tíma jafnan rétt á fríu fæði og húsnæði, meðan þeir unnu við undirbúning undir síldveiðar. Verður gengið út frá, að það sé rétt, og leiðir það til þess, að annar skuldaliður verður ekki heldur tekinn til greina. Þriðja skuldalið mótmælir stefnandi af sömu ástæðu, en það fær ekki staðizt, þegar litið er til dagsetningarinnar. Kemur því sú upphæð, kr. 50.84, til frádráttar kröfum hans.

Fjórði skuldaliðurinn, kr. 24.500.00, hefur stefndi látið færa á viðskiptareikning stefnanda undir 31. des. 1957. Færsla þessi byggist á reikningi á v/b Helga Helgason frá Kveldúlfi h/f, dagsettum á Hjalteyri 12. ágúst 1957. Eru skipinu þar færðar til skuldar pen. v/ Ásmund Sigurjónsson, kr. 4.000.00 þann 18/7 '57, kr. 7.500.00 þann 23/7 '57 og kr. 13.000.00 þann 9/8 '57. Stefnandi viðurkennir að hafa mótttekið þessa peninga, en kveðst hafa varið þeim öllum til þess að greiða kaup skipverja. Kvaðst hann hafa mótttekið kvittanir fyrir greiðslunum og afhent þær á skrifstofu stefnda, er hann kom til Vestmannaeyja, og hafi sonur stefnda veitt þeim móttöku. Kvittun fyrir afhendingu þeirra hefði hann ekki tekið, enda hafi hann álitid það óþarft. Vottorð liggja fyrir frá þremur skipverjum, og segir þar, að stefnandi hafi tekið út peninga hjá Hjalteyrarverksmiðjunni og greitt þá upp í kaup skipverja. Kváðust þeir sjálfir hafa fengið kaup greitt á þann veg. Einn þessara skipverja gaf réttarskýrslu og kvaðst halda örugglega, að hann hefði fengið kr. 1.000.00

greiddar í peningum upp í kaup sitt hjá stefnanda á Hjalteyri og eitthvað hafi verið greitt með sígarettum. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið aðra peninga greidda upp í kaup sitt en þá, er það fékk hjá stefnanda.

Með úrskurði, uppkveðnum 23. júlí 1963, var stefnanda bent á, að æskilegra væri, að hann gerði fyllri grein fyrir, hvernig hann hefði varið umræddum peningum og kæmi fram með frekari gögn. Við aðiljayfirheyrslu kvaðst hann hafa skipt þessum peningum nokkurn veginn jafnt milli mannanna, en nánari upplýsingar gaf hann ekki, og ekki liggja fyrir frekari upplýsingar frá skipverjum en þær, sem að framan eru raktar. Í áðurgreindum úrskurði var einnig bent á, að æskilegt væri, að fyrir lægju upplýsingar um, hvernig kaup skipverja var greitt og viðskiptareikningar þeirra lagðir fram, en stefndi varð ekki við þeim ábendingum.

Stefnandi hafði heimild til vegna stöðu sinnar að taka út peninga hjá Hjalteyrarverksmiðjunni, þar sem báturinn lagði upp, til afhendingar skipverjum sínum upp í kaup þeirra. Vottorð og réttarskýrsla, sem áður er minnzt á, gefa til kynna, að peninga afhenti hann skipverjum, og virðist ekki um annað fé að ræða en það, sem hér er rætt um. Viðskiptareikningar skipverja ættu að leiða í ljós, hvernig og hvenær kaup þeirra var greitt, en þar sem þeir hafa ekki verið lagðir fram, þykir verða að leggja trúnað á frásögn stefnanda. Leiðir það til þess, að þessi skuldaliður verður ekki tekinn til greina.

Auk viðskiptareiknings hefur stefndi lagt fram hótélreikning á stefnanda frá 23. maí 1957 að fjárhæð kr. 159.96. Reikningur þessi hefur ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, lækkar krafa stefnanda enn um kr. 50.84 og kr. 159.96, eða um kr. 200.80. Eftirstöðvarnar nema kr. 23.082.80, og verður stefndi dæmdur til að greiða þá upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags, eins og krafizt er.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur krafizt viðurkenningar sjóveðréttar í v/b Mugg, VE 322, og v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir dæmdum fjárhæðum. Þessi krafa verður tekin til greina, og er viðurkenndur sjóveðréttur í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.110.78 ásamt vöxtum, eins og fyrr segir, og kr. 4.000.00 af málskostnaði

og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 5.972.02 auk vaxta á sama hátt og kr. 2.000.00 í málskostnaði.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Ásmundi Sigurjónssyni, kr. 23.082.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.100.78 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnaði og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 5.972.02 ásamt vöxtum á sama hátt og kr. 2.000.00 í málskostnaði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1967.

Nr. 18/1966. **Jódís Björgvinsdóttir** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Sigurði Jóhannssyni
 (Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1966. Hefur hún fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 620.046.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.